

## **Umsögn Umhverfis- og skipulagsnefndar við fram komnum athugasemdum við aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028.**

Tillagan var auglýst þann 15. maí 2009 og sett á vef sveitarfélagsins og lauk athugasemdafresti þann 3. júlí. Haldinn var opinn íbúafundur þann 21. maí þar sem tillagan var kynnt og íbúum gafst tækifæri til að fá nánari skýringar og lýsa sínum sjónarmiðum. Ekki var tekið við athugasemdum á þeim fundi, heldur vísað til þess að athugasemdir og ábendingar væru vel þegnar og skyldu berast skriflega fyrir 3. júlí.

Fram komu 48 athugasemdir..

Málsnúmer allra athugasemdanna er 0701026.

Nefndin hefur fjallað um athugasemdirnar á 4 fundum sem haldnir voru 11., 18. og 25. ágúst og 18. september 2009.

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir hverri athugasemd og síðan tillögu nefndarinnar til bæjarstjórnar um hvernig hún verði afgreidd.

## 1. Oktavía Ragnarsdóttir, fyrir hönd skógræktarfélagsins Skógfells

*„Skógfell fer þess á leit við sveitarfélagið að skógræktarreitir félagsins við Háabjalla verði samtengdur svæði fyrir stíg að undirgöngum á Vogastapa. Þaðan áfram þar til það tengist svæði OS-6 við Vogavík. Einnig að fyrrgreint svæði tengt við svonefnd Daily-Camp svæði, þar sem skógarreitir er fyrir. Að allt þetta fyrrnefnda svæði verði skilgreint sem opið svæði itl sérstakra nota en undir þann flokk fellur meðal annars skógrækt.“*

### Umsögn:

Beiðninni hafnað þar sem nefndin telur að svæði það sem Skógfell á sé nægilegt. Oktavía tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

## 2. Ólafur Björnsson hrl fyrir hönd eigenda jarðanna Landakots og Stóru-Vatnsleysu, gerir athugasemdir vegna háspennulína.

Vísar til áætlana um lagningu tveggja 220 KV línur um land umbjóðenda hans í línustæði núverandi Suðurnesjalínu. Tekur fram að umbjóðendur hans leyfi ekki að svo verði farið með land þeirra þvert gegn vilja íbúa sveitarfélagsins. Bendir á að margir íbúar í sveitarfélaginu hafi sent sveitarstjórn undirskriftarlista þar sem óskað hafi verið eftir að háspennulínur yrðu lagðar í jörð.

Lögmaðurinn gerir athugasemdir við fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir Landsnets og telur að samanburður á kostnaðarmun á jarðstreng og línumöstrum sé ekki réttur og nú geti verið ódýrara að leggja jarðstreng. Kostnaðar munur á þessum hluta línunnar réttlæti ekki það skemmdarverk sem loftlínur vinni á eignarlandi í óþökk íbúa. Hann telur sjónræn áhrif línanna gríðarleg og að land á stóru svæði í kringum þær verði verðlaust, áskilur sér rétt til að sækja bætur vegna þess.

Lögmaðurinn bendir einnig á að umbjóðandi hans hafi komið fram með þá hugmynd, sé ekki hægt að fara með línuna annarstaðar um eða leggja hana í jörðu, verði hún lögð ofar í landinu þ.e. fyrir ofan gjá eins og hann segir. Þar sjáist línan ekki eins frá veginum og sú tilhögun gefi möguleika á að nýta landið við veginn. Ekki komi skýrt fram í frummatsskýrslu afhverju þessi leið sé ekki valin. Mótmælt sé að á svæðinu austan gjár séu mikilvægari fornminjar eða merkilegra land. Lögmaðurinn mótmælir niðurstöðum skipulagstillögunnar sem röngum.

Telur meðalhófsreglu stjórnsýslulaga brotna þar sem ekki sé reynt að leita sátta við landeigendur. Ekki sé skýrt af hverju skipulagið geri ekki ráð fyrir að línan fari öll í jörð. Ítreka að umbjóðendur hans áskilji sér rétt til skaðbóta. Um lagarök vísar lögmaðurinn til skipulags- og byggingarlaga og stjórnarskrár.

### Umsögn um athugasemd:

Nauðsynlegt er að stækka og endurnýja flutningskerfi raforku á Reykjanesi svo tryggja megi fólki og fyrirtækjum örugga raforku. Í dag er aðeins ein 132kV lína sem flytur raforku til og frá Reykjanesi, en á svæðinu er mikil raforkuframleiðsla og fyrirsjáanleg aukning í orkuframleiðslu og orkufrekum iðnaði. Ef Suðurnesjalína 1

bilar eða er tekin tímabundið úr rekstri vegna viðhalds er hætta á rafmagnstruflunum og jafnvel straumleysi á Suðurnesjum.

Endurnýjun raforkuflutningskerfisins á Reykjanesi er forsenda uppbyggingar af ýmsu tagi í atvinnulífi landshlutans, þar á meðal aukinna umsvifa í orkufrekri atvinnustarfsemi, framleiðslu- og hátækniíðnaði. Sveitarfélögin á Suðurnesjum vilja styrkja framleiðslu, nýsköpun og atvinnulíf til að fjölga störfum og auka umsvif í samfélaginu. Endurnýjun raforkuflutningskerfisins er því talin hafa jákvæð áhrif á efnahag, atvinnulíf og íbúapróun í Sveitarfélaginu Vogum

Vegna hagsmuna íbúa í sveitarfélagsins og undirskriftarlista þeirra leituðu forsvarsmenn sveitarfélagsins eftir viðræðum við Landsnet um lagningu línanna í jörðu til að takmarka umhverfisáhrif og áhrif á mögulega byggðapróun til lengri framtíðar. Eyddi sveitarstjórn mikilli orku og tíma í málið. Einkum vegna kostnaðarsjónarmiða, þar sem verulega mun dýrara er að leggja jarðstrengi en loftlínur og eins vegna flutningsöryggis, varð ljóst að sveitarfélagið næði ekki fram kröfum sínum um að línurnar yrðu lagðar í jörðu að svo stöddu.

Sveitarstjórn Voga lagði áherslu á að lagning jarðstrengja um sveitarfélagið sé krafa íbúa sveitarfélagsins og að sveitarstjórnin leggi áherslu á að umhverfisvernd sé höfð að leiðarljósi við byggingu mannvirkja af þessu tagi, sem og annarra mannvirkja og tekið tilhlýðilegt tillit til umhverfiskostnaðar. Var m.a. bent á að lögð hafi verið fram tillaga til þingsályktunar á Alþingi 2007-2008 (þskj. 449, 315. mál) þar sem skorað hafi verið á ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd er mótaði stefnu um hvernig leggja mætti á næstu árum og áratugum rafínur í jörð sem nú væru ofan jarðar. Tillaga þessi hlaut þó ekki lokaafgreiðslu á þessu þingi. Eigi að síður hefur sveitarstjórnin lagt áherslu á að Sveitarfélagið Vogar sitji við sama borð og aðrir þegar kemur að lagningu jarðstrengja.

Með fyrirvara um umhverfismat, skipulagsáætlanir og athugasemdir sem kynnu að berast við þær, og samninga við landeigendur (eða eignarnám ef ekki næðust samningar) gerði sveitarfélagið samkomulag við Landsnet um línulagnir í sveitarfélaginu, dags. 17. október 2008. Gengur samkomulagið út á að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja að línurnar verði lagðar í jörð breytist forsendur fyrir lagningu slíkra lína. Þá gengur samkomulagið út á að tryggja, að hamli línurnar skipulagi til framtíðar, verði þær lagðar í jörð eða færðar á kostnað Landsnets.

Samkvæmt 1. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir því að Landsnet skuldbindi sig til að lágmarka sýnileg áhrif raforkuflutningsvirkja innan lagaramma og krafna sem síðar kunna að verða gerðar á fyrirtækið. Meðal annars er stefnt að því að möstur verði eins umfangslítill og látlaus og mögulegt er. Tillaga að möstrum skal borin undir sveitarstjórn.

Samkomulag hefur nú náðst um að velja þá gerð mastra sem er minnst áberandi, en það er sama gerð og í núverandi línu. Þau verða þó talsvert stærri, en lengra á milli þeirra og því færri í hvorri línu. Þegar seinni línun verður byggð munu möstrin standast á. Allt mun þetta draga úr sýnileika.

Í 2. gr. kemur fram að aðilar séu sammála um að línurnar verði lagðar en Landsnet muni taka til skoðunar að leggja línurnar í jörð breytist forsendur verulega frá því sem nú er. Með verulegum breytingum er einkum átt við að kostnaður við jarðlínur verði sambærilegur og við loftlínur, að lögum verði breytt og fyrirtækinu verði gert skylt að leggja jarðstrengi og í þriðja lagi að byggðin þróist með þeim á næstu 20 árum frá því flutningskerfið er tekið í notkun að háspennulínurnar hamli verulega þróun byggðar.

Sérstaklega er tekið fram að verði ekki forsendur til lagningar jarðstrengs á þeim tíma verði línurnar færðar ofan við byggðina.

Eins og fram kemur í hinni kynntu skipulagstillögu er ekki gert ráð fyrir byggð sunnan Reykjanesbrautar á skipulagstímabilinu. Ekkert bendir til þess í dag að byggð þróist með þeim hætti á skipulagstímanum. Þá er einnig rétt að hafa í huga að nú þegar er lína á umræddu svæði en ný lína kemur í hennar stað. Þá er það svo að jafnvel þó línan verði staðsett þar sem skipulagið gerir ráð fyrir hamlar hún ekki endilega uppbyggingu iðnaðar- eða athafnahverfis á svæðinu. Ljóst þykir að íbúðarbyggð mun ekki teygja sig upp fyrir Reykjanesbraut á skipulagstímanum.

Með vísan til ofangreinds má ljóst vera að 220 kV háspennulínur verða ekki lagðar í jörðu sem hluti meginflutningskerfis að óbreyttum lögum frá Alþingi. Í ljósi þess er ekki hægt að verða við kröfum um að línan verði lögð í jörðu, þó nefndin taki í raun undir sjónarmið umkvartenda um að heppilegra væri að allar línur lægju í jörðu.

Hvað varðar ábendingu um annað línustæði ofar í landinu telur nefndin að heppilegra sé að nýta núverandi línustæði Suðurnesjalínu í stað þess að raska nýju landi. Sveitarfélagið lítur svo á að þessar tvær loftlínur séu tímabundin lausn, þar til jarðstrengir verða raunhæfur kostur í stað háspennulína. Í ljósi þess sé ekki forsvaranlegt að raska nýju landi undir tímabundin mannvirki.

Hvað varðar verndun eignarréttar og skaðabætur þá skuldbatt Landsnet sig til þess að ná samkomulagi við landeigendur um lagningu línunnar og greiðslur vegna þess og þeirra kvaða sem það leggur á land viðkomandi. Náist ekki slíkt samkomulag verður ekki ráðist í framkvæmdir nema áður verði leitað úrlausnar matsnefndar eignarnámsbóta sem tryggja mun landeigendum sanngjarnar bætur fyrir röskunina og afnotin. Eignarréttur landeiganda á því að vera tryggður í samræmi við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár.

Sigurður tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla.

### **3, 4, 7-15, 17-25 og 43. Athugasemdir vegna hverfisverndar H1. Samhljóða ábendingar og athugasemdir 21 aðila.**

Svavar Jóhannsson  
Magnea Símonardóttir  
Sigurður Símonarson  
Kristín Svava Stefánsdóttir  
Arnar Stefánsson  
Hlöðver Kristinsson  
Lilja Guðjónsdóttir  
Símon Kristjánsson  
Þórdís Símonardóttir  
Herdís Ósk Herjólfsdóttir  
Jóhann Sævar Símonarson  
Grétar Hannesson og Anna Kristmundsdóttir  
Ágúst Þór Guðbergsson  
Guðrún Helga Jakobsdóttir  
Steinar Smári Guðbergsson  
Harpa Rós Drymzkowska  
Mariusz Drymzkowski  
Árni Guðni Helgason

Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir  
Magnús Ágústsson  
Grétar Símonarson

Vísað er til tillögu um hverfisvernd með Vatnsleysuströnd, þ.e. meginhluti strandarinnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd (H-1).

*„Þess er því farið á leit að kaflinn um hverfisverndarsvæði verði felldur út úr aðalskipulagstillögunni og til vara að ekki verið farið út í jafn viðtæka hverfisverndun og gert er ráð fyrir og fleiri svæði sem eiga verulegra hagsmuna að gæta verið undanskilin.“*

#### Rökstuðningur

*„Tillagan um s.k. hverfisverndarsvæði, 200 m breitt belti frá Búðartjörn að landamerkjum Hafnarfjarðar eru líkleg til þess að rýra verulega verðmæti þeirra jarða sem innan þess svæðis falla og þar með er gengið á eignarrétt landeigenda.“*

#### Umsögn:

Í aðalskipulagstillögunni er lögð fram sú framtíðarsýn að þéttbýli þróist áfram í Vogum, en norður með Vatnsleysuströnd þróist byggð á sambærilegan hátt og verið hefur. Jafnframt er lögð áhersla á að vernda bæði forn- og náttúruminjar víðs vegar um sveitarfélagið.

Í því ljósi er lagt til að um ákveðin svæði gildi ákvæði skipulagsreglugerðar um hverfisvernd sem gera sveitarstjórn kleift að kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Sveitarstjórn getur sjálf aflétt hverfisvernd eða breytt skilmálum hennar.

Í fyrirleggjandi tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008- 2028 eru eftirfarandi svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði á skipulagsuppdráttum.

- Meginhluti strandarinnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd (H-1).
- Vogastapi að Vogavík (H-2).
- Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli (H-3).
- Keilir og Höskuldarvellir (H-4)
- Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar (H-5).
  - Hvassahraunsgígar (Strokkamelur). Katlarnir og nánasta umhverfi þeirra. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
  - Þvottatjarnir og Brugghellir.
  - Aðrar fornleifar sem ekki hafa verið valdar.

Gerð er grein fyrir tilgangi hverfisverndar á hverju svæði fyrir sig. Jafnframt er gert ráð fyrir að unnin verði áætlun, eða deiliskipulag fyrir einstök hverfisverndarsvæði þar sem ákvæðum og aðgerðum er lýst nánar.

Um hverfisverndarsvæði H1: *Ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd*, segir í greinargerðinni:

Um er að ræða svæði sem nær frá Búðatjörn (Mýrarhústjörn) í suðri (norðan þéttbýlis í Vogum) að landamörkum við Hafnarfjörð í norðri, að undanskildu svæðinu á milli Flekkuvíkur og frístundabyggðar í Hvassahrauni. Um er að ræða allt að 200 m breitt belti frá strönd en þar sem búsetulandslag er var reynt að afmarka hverfisvernd við það.

Ströndin í Sveitarfélaginu Vogum er einkar verðmæt vegna þess hve lítið henni hefur verið raskað miðað við ströndina á höfuðborgarsvæðinu. Hér gefst íbúum Voga og alls höfuðborgarsvæðisins ásamt ferðamönnum kostur á að njóta lífríkrar rofstrandar með gnótt búsetuminja og tjarna. Auðugt fuglalíf er við ströndina allan ársins hring, en mest um vor og haust þegar farfuglar og fargestir setjast að veisluborði í lífríkri fjörunni. Við ströndina eru tjarnir og votlendisblettir sem óvíða er að finna á Reykjanesskaga. Byggðin hefur ávallt verið við ströndina og þar er því gnótt fornminja. Með því að rannsaka þær verður með tíð og tíma hægt að gera almenningi ljósa sögu þessa byggðarlags allt frá landnámi. Ströndin getur orðið eitt helsta aðdráttarafli fyrir ferðamenn framtíðarinnar í Vogum (bændagisting, söguskoðun, fuglaskoðun, útræði o.fl.).

Tjarnir á Vatnsleysuströnd sem eru á náttúruminjaskrá eru einnig skilgreindar sem hverfisverndarsvæði H-1 í aðalskipulagi og stefnt að friðlýsingu þeirra, að norður og vesturhluta Vogatjarnar undanskildum, þar sem þau svæði eru þegar manngerð. Hverfisverndin nær til tjarnanna og votlendissvæða umhverfis hverja þeirra.

#### **Nánari rök fyrir hverfisverndun svæðisins:**

- Talsverður hluti svæðisins er í flóðahættu í framtíðinni vegna landbrots, landsigs og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar, og því er óverjandi að skipuleggja þar nýtt þéttbýli. Þess má geta að Siglingastofnun telur sér ekki skylt að standa straum af kostnaði við gerð sjóvarna við ný þéttbýlissvæði.
- Þar er vel varðveitt fornt byggðarmynstur útvegsbúskapar rétt við mesta þéttbýli landsins og alþjóðaflugvöll. Í því felast mikil menningarleg verðmæti til langs tíma lítið og möguleikar til atvinnusköpunar.
- Mikið er um margvíslegar fornminjar á svæðinu sem skylt er að varðveita fyrir komandi kynslóðir, enda órannsakaðar og rituð saga svæðisins frekar fátækleg enn.
- Afar lítið er um vötn og votlendi á Reykjanesskaga og engin teljandi vatnsföll ofanjarðar. Vegna þess er mikilvægt fyrir þennan landshluta að það litla votlendi sem til er sé verndað. Votlendi og tjarnir eru aðallega við ströndina og í hættu bæði vegna landbrots sjávar og hugsanlegra framkvæmda.
- Vatnsleysuströnd fellur að líkindum í 1. flokk strandsvæða vegna varna gegn sjávarmengun samkvæmt mengunarvarnareglugerð, sjá kafla 2.3.7.

#### **Skilmálar hverfisverndar H-1 eru eftirfarandi.**

Ekki verður heimiluð þéttbýlismyndun við ströndina og takmörkuð verður heimild til nýbygginga nær sjó en u.þ.b. 200 m. Með því móti verður tryggt mjög strjálbýlt belti með mestallri ströndinni innan sveitarfélagsins, frá Vogastapa að sveitarfélagamörkum við Hafnarfjörð. Slíkt strjálbýlt belti rýrir að vísu nokkuð hugsanlegt byggingarland næst sjó en getur þó aukið heildarverðmæti alls lands í sveitarfélaginu til búsetu.

Með því að takmarka nýbyggingar nærri sjó á Vatnsleysuströnd er verið að vernda einstakt búsetulandslag (sbr. 9. gr. Þjóðminjalaga). Byggðarmynstrið verði þannig varðveitt að mestu.

Stefnt er að friðlýsingu tjarna sem eru á náttúruminjaskrá og falla undir hverfisvernd H-1 samkvæmt náttúruverndarlögum.

Á ströndinni er mikið af fornminjum sem fæstar hafa verið staðsettar en hafa verið skráðar í svæðisskráningu fyrir sveitarfélagið. Ekki verði heimilt að raska fornminjum nema að undangenginni rannsókn og mati Fornleifaverndar ríkisins.

Heimilt er að byggja stakar byggingar á hverri bújörð innan hverfisverndarsvæðis, þar sem aðstæður leyfa, þó þær tengist ekki búrekstri. Slíkar byggingar skulu vera í tengslum við núverandi bæjarhlöð og nýta sömu afleggjara. Huga ber að skipulagi og arkitektúr þannig að þessar nýbyggingar falli sem best að þeim byggingum og því forna byggðarmynstri sem fyrir er. Ekki er heimilt að byggja upp á hverfisverndarsvæði nema deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið.

Á kortunum eru hverfisvernduð svæði auðkennd með daufum, gulum strikum. Svæði á náttúruminjaskrá eru auðkennd með svörtum skástrikum (samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar) og eru sú merking meira áberandi. Vandasamt er að greina milli þessara auðkenna og geta hverfisvernduð svæði sums staðar virst stærri í fljótu bragði en þau raunverulega eru. Nánari mörk hverfisverndar eru skýrð við gerð deiliskipulags.

Í ofangreindum athugasemdum er farið fram á að kaflinn um hverfisverndarsvæði verði felldur úr aðalskipulagstillögunni með þeim rökum að tillagan sé líkleg til þess að rýra verulega verðmæti þeirra jarða sem falla innan svæðisins.

Meirihluti Umhverfis- og skipulagsnefndar tekur ekki undir þá ósk.

Vísað er til þess að í gildandi Aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994- 2014 með síðari breytingum er það svæði sem um ræðir ýmist skilgreint sem dreifbýli, landbúnaður, sumarbústaðahverfi, þéttbýli eða óbyggt svæði. Þeim skilgreiningum hefur lítið verið breytt og því lítil sem engin breyting á mögulegri landnotkun og þar með verðmæti lands.

Ljóst er að ekki verður byggt þéttbýli með allri Vatnsleysuströnd á skipulagstímabilinu. Í gildandi skipulagi er ekki gert ráð fyrir þéttbýli á Vatnsleysuströnd, utan Brunnastaðahverfis, rétt eins og í tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008- 2028. Sett hafa verið skýr ákvæði um að ekki sé gert ráð fyrir þéttbýli við ströndina, sem ætti að öllu jöfnu að auka verðmæti þess lands er ofar dregur. Auk þess verður takmörkuð heimild til nýbygginga nær sjó en u.þ.b. 200 m og gerð krafa um að unnið sé deiliskipulag áður en framkvæmt verður.

Slík ákvæði eru til þess fallin að draga úr vafa um framtíðar notkunarmöguleika landsins.

Til vara er farið fram á að ekki verði farið út í jafn víðtæka hverfisverndun og lagt er til, og “svæði sem eiga verulegra hagsmuna að gæta verði undanskilin”.

Komið hefur verið til móts við þessa ósk að einhverju leyti með því að færa til mörk hverfisverndar, sbr. útfærslu á korti.

Þórður Guðmundsson mótmælir því eindregið að ekki sé tekið undir þær athugasemdir sem bárust frá bréfríturum eigendum og annara er mótmæltu viðkomandi atriði.

Tel ég að um réttmæta kröfu sé að ræða og hugmyndir um hverfisvernd þjóni engra hagsmunum og sé því best að sleppa alfarið þeim kafla úr skipulaginu.

## 16. Sigurður Kristinsson og Hrafnhildur Bryndís Rafnsdóttir

Vísað er til tillögu um hverfisvernd með Vatnsleysuströnd, þ.e. meginhluti strandarinnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd (H-1).

*„Við förum fram á að kaflinn um umhverfisverndina verði feldur út úr tillögunni eða henni breitt þannig að aðeins verði sett vernd á þau svæði sem minjar eru á.“*

Rökstuðningur.

*„Tillaga að hverfisvernd sem á að setja á rýrir verulega verðmæti þeirra jarða sem falla innan svokallaðrar hverfisverndar og er gengið á eignarétt landeigenda. Réttar væri að vernda ákveðin svæði sem eru á eða finnast á.“*

### Umsögn:

Sjá umsögn við athugasemdnar hér næst á undan, að undanskildum kröfum til vara og svars við þeim.

Þórður Guðmundsson mótmælir því eindregið að ekki sé tekið undir þær athugasemdir sem bárust frá bréfríturum eigendum og annara er mótmæltu viðkomandi atriði.

Tel ég að um réttmæta kröfu sé að ræða og hugmyndir um hverfisvernd þjóni engra hagsmunum og sé því best að sleppa alfarið þeim kafla úr skipulaginu .

## 5. Fornleifavernd ríkisins.

Stofnunin gerir nokkrar athugasemdir í 5 liðum.

Það verður tekið tillit til þeirra, en það reynir þó ekki á öll atriðin fyrr en við gerð deiliskipulags:

1. Bætt verði við fyrirvara um fornleifar inn í texta um íbúðasvæði við höfn

Í kafla 2.1 íb-6 bættist við á undan síðustu málsgreinini: *Við sjávargarðinn eru heillegar rústir , u.þ.b. 150 ára gamlar vegghleðslur af bænum Norðurkoti í Vogum sem vernda þarf ásamt hólnum í kring og hugsanlega endurbyggja.*

Í töflu í kafla 3.2.7 í umhverfisskýrslu standi U í stað 0.



2. Á golfgarðasvæði OS-7 er talið vera mikið af fornminjum.

Bráðabirgðaniðurstöður fornleifaskráningar liggja nú fyrir og með hliðsjón af þeim leggur nefndin til að OS-7 verði minnkað úr 17 í 10 ha og hverfisverndaða svæðið aukið sem því nemur þannig að flestar fornleifarnar lendi utan OS-7 og verði hverfisverndaðar (sjá útfærslu á uppfærðum dreifbýlisupprætti).

Þórður tekur ekki undir tillöguna og vill halda skipulagstillögunni óbreyttri en tekið verði tillit til fornminja á svæðinu eins og kostur er við deiliskipulagsgerð.

3. Bent er á að Staðarborg er friðlýst samkv. Þjóðminjalögum.

Nefndin bendir á að það kemur fram síðast í greinargerðinni kafla 2.3.4 . Að auki verði henni gefið sérstakt auðkenni á upprættinum sem þjóðminjaverndarsvæði.

4. Bent er á að gæta að fornminjum við gerð sjóvarnargarða.

Nefndin leggur til eftirfarandi viðbót við kafla 2.3.6 um sjóvarnargarða: “Við hönnun og byggingu sjóvarnargarða verði þess gætt að raska sem minnst fornminjum svo sem gömlum vörum.”

5. Í töflu í umhverfisskýrslu um hafnarsvæðið í Flekkuvík verði merkingu um fornleifar breytt úr 0 í Ú (óþekkt).

Agnes tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins þar sem hún er starfsmaður Fornleifaverndar og undirritar erindið.

## 6. Erindi frá Anja og Markus Kíslich

Nefndin þakkar fyrir áhuga og ábendingar um náttúrufar og náttúruvernd og telur að tekið sé á þessu í skipulagstillögunni, m.a. um verndun strandarinnar við Þórustaði (sjá kafla 2.3.5).

## 26. Erindi frá Páli Arnóri Pálssyni, Pacta ehf, fyrir hönd eigenda heiðarlands Vogajarða

Þar segir í fyrsta lagi að jarðeigendurnir mótmæli harðlega skipulagsdrögunum og telji þeir að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða sem koma fram í greinargerð Gests Ólafssonar frá ágúst 2007.

Í lok kafla 2.1 í greinargerðinni er fjallað um þessar tillögur á rúmlega einni blaðsíðu og birtur uppráttur með hugmyndum Gests um möguleg byggingarsvæði á Vogastapa. Þau eru þar kynnt sem möguleg byggingarsvæði eftir skipulagstímabilið (eftir 2028). Það er af þeirri ástæðu að búið er að taka frá nógu stór svæði fyrir íbúabyggð nær þéttbýlinu í Vogum, en í

aðalskipulaginu er fylgt þeirri stefnu að forðast myndun aðskilinna þéttbýliskjarna. Þessi sjónarmið koma skýrt fram í fyrrnefndum kafla 2.1.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur ekki undir athugasemdirnar.

Í öðru lagi kvartar Páll fyrir hönd landeigenda yfir því hve mikið af þeirra landi er skilgreint sem Vatnsverndarsvæði. Er svo að skilja að landeigendur líti á það sem gengisfellingu lands að taka það frá sem vatnsverndarsvæði. Til nokkura áratuga litið kann það að vera rétt, en sé litið öld fram í tímann gæti það verið mikil lukka fyrir afkomendur þessa fólks að þetta land sé skilgreint nú þegar sem vatnsverndarsvæði til að girða fyrir að því yrði spillt með einhverri vanhugsaðri framkvæmd. Jarðfræðingar telja að þarna streymi mikið vatn neðanjarðar frá fjöllum til sjávar. Það er auðveldara að skerða vatnsverndarsvæðin seinna en að grípa til friðunar eftir. Megnið af því heiðarlandi Vogajarða sem skilgreint er sem vatnsverndarsvæði er fjarsvæði og útilokar það ekki aðra nýtingu landsins, samanber kafla 2.3.7.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur ekki undir athugasemdirnar.

Í þriðja lagi segir Páll landeigendur álíta að skipuleggja megi meira byggingarland beggja vegna Reykjanesbrautar og kvarta sérstaklega yfir því að nýtt 16 ha. athafnarsvæði merkt A-5 nái ekki lengra til austurs að landamörkum Brunnastaðahverfis.

Nefndin telur líklegt að þessir 16 hektarar dugi vel næstu 20 árin og betra sé að fullbyggja það svæði áður áður en farið er að byggja austar svo athafnarsvæðið verði heilsteyptara.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur ekki undir athugasemdirnar.

Í fjórða lagi leggja landeigendur til að einhverskonar verslun, þjónusta eða önnur atvinnu starfsemi verði við Grindavíkurvegamótin innan marka Voga.

Umhverfis og skipulagsnefnd leggur til að atvinnusvæði verði sett á skipulag sunnan við Reykjanesbraut við Grindavíkurvegamótin, reit sem afmarkast af landi Reykjanesbæjar og veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar. Einnig svæði svipað að stærð og lögun hinu megin Grindavíkurvegar. Sjá nánar á þéttbýlisuppdraetti.

Í fimmta lagi er mótmælt að heimila háspennulínur í lofti yfir land þeirra á svipuðum forsendum og landeigendur Landakots og Stóru-Vatnsleysu gera.

Nefndin tekur ekki undir og vísar til rökstuðnings og niðurstöðu nefndarinnar þar, sjá lið nr. 2 hér frammar.

Oktavía tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla.

## **27. Athugasemdir frá Minjafélagi Vatnsleysustrandar**

Minjafélagið vill að fyrirhuguðu minjasvæði á Kálfatjörn verði gert hærra undir höfði.

Nefndin leggur til að skilgreindur verði þar sérstakur minjareitur fast norðan við þjónustureit Kálfatjarnarkirkju.

Oktavía tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna stjórnarsetu í Minjafélaginu.

## **28. Athugasemd frá Siglingastofnunum um sjóvarnargarða**

Stofnunin bendir á með vísan til sjóvarnarlaga nr. 28/1997 eigi að sýna núverandi og fyrirhugaða sjóvarnargarða á skipulagsuppráttum.

Nefndin felur skipulagsráðgjafa að auðkenna og merkja núverandi og fyrirhugaða garða inn á skipulagskortin samkvæmt gögnum frá Skipulagsstofnun sem liggja fyrir.

## **29. Athugasemdir Guðrúnar Ragnarsdóttur f.h. Vogahesta**

Vogahestar fara í fyrsta lagi fram á að tillaga að hesthúsahverfi við Strandarrétt verði felld niður þar sem svæðið sé langt frá Vogum.

Nefndin tekur ekki undir ósk Vogahesta þar sem nefndin telur þörf fyrir hesthúsahverfi á ströndinni á skipulagstímanum.

Í öðru lagi leggja Vogahestar, til að framtíðarsvæði hestamanna í sveitarfélaginu verði í hesthúsahverfinu í Vogum og það verði stækkað enn frekar til suðurs og austurs og að Stapavegi í vestur.

Nefndin tekur ekki undir þá ósk Vogahesta.

Í þriðja lagi leggur Guðrún til að núverandi reiðstígur ofan byggðar í Vogum verði settur aftur inn á nýtt aðalskipulag eins og hann er á núgildandi skipulagi og hann tengdur við Strandaveg á mörkum þess vegar og beitarhólfs.

Nefndin tekur undir það, og þess verði getið í greinargerð að hann fái að vera þar til íbúðasvæði ÍB-5 fer að byggjast.

Í fjórða lagi verði gert ráð fyrir reiðstíg frá undirgöngum undir Reykjanesbraut við Vogastapa gegnum skógræktarsvæðið í Hábjalla og í átt að sveitarfélagamörkum.

Meirihluti nefndarinnar tekur undir það en minnir á að eftir er að ganga endanlega frá tengingu reið- og gönguleiða við aðalskipulag Grindavíkur og Reykjanesbæjar sem nú er unnið að.

Þórður bókar að honum hugnist ekki lagning reiðstíga um útivistarsvæðið við Háabjalla.

Í fimmta lagi verði gert ráð fyrir reiðstíg frá innstu húsum í hesthúsaahverfinu til suðurs að fyrirhuguðum reiðstíg.

Nefndin fellst á það.

Í sjötta lagi verð gert ráð fyrir slóða meðfram hitaveitulögn við Grindavíkurvegamót til norðurs að gamla Keflavíkurvegi.

Nefndin fellst á það.

Í sjöunda lagi verði gert ráð fyrir reiðstíg meðfram gamla Suðurnesjavegi sunnan Vatnsleysubæja að Kúagerði.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir reiðstíg með nýja kafla Vatnsleystustrandarvegsins undir Reykjanesbraut og nýta síðan línuveginn áfram til Hafnarfjarðar og ætti sá stígur að koma að sama gagni.

Nefndin hafnar því beiðninni.

Í áttunda lagi að gert verði ráð fyrir reiðstíg frá undirgöngunum sunnan Kúagerðis að línuvegi austan þeirra.

Nefndin hafnar beiðninni.

Oktavía tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla.

### **30 og 31. Særún Jónsdóttir, tvö bréf**

Særún fer fram á að göngustígur sunnan Hvammsgötu liggi við suðurmörk Hvammsgötulóða og að stígurinn til suðurs frá fyrrnefndum göngustíg verði í fjörunni neðan við bakkann.

Nefndin tekur ekki undir þær óskir bréfitara en bendir á að nákvæm staðsetning stíga verður útfærð í deiliskipulagi.

Hafnarsvæði. Bréfitari fer framá að hús sem sýna atvinnusögu sveitarfélagsins verði látin standa sem næst sinni upprunalegu mynd og fundið hlutverk við hæfi.

Nefndin tekur ekki undir þá ósk bréfitara að frystihúsið sem Vogar hf. reistu fái að standa, en leggur til að því verði aukið við kafla um Íb-6 í greinargerð að við deiliskipulag verði minjum um atvinnu- og byggðarsögu Voga á því svæði sómi sýndur.

Oktavía tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla.

### **32. Athugasemdir frá Margréti Guðnadóttur og Eydísi Fransdóttur í Landakoti**

Mótmælt er íbúðarbyggð á Þórustöðum.

Á Þórustöðum er gert ráð fyrir Golfgörðum að erlendri fyrirmynd þar sem golfvöllur og umhverfi hans er umlukinn íbúðarsvæði. Í skipulagstillögunni sem kynnt var er gert ráð fyrir 17 ha. svæði með allt að 170 íbúðum.

Meirihluti nefndarinnar leggur til að svæðið verði minkað í 10 ha og íbúðirnar verði að hámarki 70. Þessi breyting er bæði til að koma til móts við athugasemdir bréfitara og einnig vegna fornminja sem með þessari breytingu verður hægt að sneiða hjá.

Þórður tekur ekki undir tillöguna og vill halda skipulagstillögunni óbreyttri en tekið verði tillit til fornminja á svæðinu eins og kostur er við deiliskipulagsgerð.

Mótmælt er hverfisvernd í landi Landakots. Bréfitarar telja ósamræmi milli tillögunnar og íbúðabygðar við Þórustaði.

Meirihluti nefndarinnar leggur til að svæði með þéttum fornminjum sem tekið verði undan golfgörðunum á Þórustöðum (sbr. hér ofar) verði hverfisverndað, en um leið verði hætt við að hverfisvernda svæði í landi Landakots næst Vatnsleysustrandarvegi þar sem litlar líkur eru á fornminum og langt er til sjávar.

Þórður leggur til að hverfisvernd verði tekinn út af landi Landakots.

Bréfitarar leggja til að iðnarðasvæði og stórskipahöfn við Flekkuvík verði felld út.

Nefndin hafnar því en bendir á að umrædd iðnarðalóð hefur verið minkuð verulega frá því sem er í fyrra aðalskipulagi.

Bréfitarar mótmæla háspennulínum, sbr umsögn lögmanna Suðurlandi.

Hafnað, sbr. rök í lið 2 hér framar.

Bréfitarar vilja samráð varðandi Reykjanesfólkvang.

Nefndin telur eðlilegt að haft verði fullt samráð við landeigendur komi til stækkunar Reykjanesfólkvangs.

### **33. Beiðni frá Birgi Þórarinssyni, Minna Knarrarnesi**

Land Minna Knarrarness ofan Vatnsleysustrandarveggar verði skilgreint sem landbúnaður.

Samþykkt, en landamerki merkt inn sem mörk óviss.

### **34. Athugasemd frá Birnu Jóhannesdóttur, Frey Oddgeirssyni og Geir Oddgeirssyni**

Mótmæla hverfisvernd. Telja að um misræmi sé að ræða.

Sjá 3. Mál

### **35. Sæmundur Þórðarson**

Bréfitari telur að erfitt sé að gera sér grein fyrir afleiðingum og áhrifum aðalskipulagsins á verðmæti eignar sinnar. Minnir á að eignarrétturinn sé varinn af stjórnarskrá og að menn ættu ekki þurfa að standa vaktina um hann.

Óásættanlegt sé að banna svo gott sem allra íbúabyggð utan þéttbýlis í Vogum.

Umsögn um athugasemd

Tilgangur skipulags er að stýra þróun byggðar/landnotkunar á því svæði sem skipulag tekur til með hliðsjón af markmiðum skipulags- og byggingarlaga, byggt á efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum þörfum landsmanna með heilbrigði og öryggi að leiðarljósi. Jafnframt að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi sbr. m.a. 1. mgr. skipulags- og byggingarlaga. Með stefnulausri þróun byggðar og handahófskenndri uppbyggingu verður framangreindum markmiðum ekki náð. Þá hefur skipulag mikil áhrif á sameiginlegan kostnað íbúa við rekstur sveitarfélags og þá þjónustu sem mögulegt er að veita íbúum þess. Í ljósi markmiða laganna og samfélagslegra þátta er ekki æskilegt að byggja dreifða byggð. Í ljósi þess er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nema á afmörkuðum svæðum í sveitarfélaginu. Ekki er um breytingu að ræða frá gildandi skipulagi. Athugasemdaaðila er þó bent á að á landbúnaðarsvæðum er skv. greinargerð gert ráð fyrir uppbyggingu stakra íbúðarhúsa og annarra húsa sem tengjast búrekstri á viðkomandi jörð.

Hvað varðar bótarétt þá gera skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 ráð fyrir því, sbr. 33. gr. laganna að valdi gildistaka skipulags tjóni beri sveitarstjórn ábyrgð á því. Við mat á slíku tjóni er tekið tillit til þeirra réttinda sem skipulagið skapar.

Bréfitari mótmælir að Höskuldarvellir fari undir fólkvang og réttur hans sé skertur á einhvern hátt. Höskuldarvellir séu tún Stóru-Vatnsleysu.

Umsögn um athugasemd

Tillagan gerir ekki ráð fyrir að Höskuldarvöllum sé bætt við Reykjanesfólkvang. Slík ákvörðun er ekki tekin í aðalskipulagi. Svæðið í kringum Keili og Höskuldarvelli er hverfisverndað. Í þeirri vernd felst að óheimilt er að raska landslagi, gróðri og jarðmyndunum með námuvinnslu vegagerð eða byggingum. Mögulegt er að fá undanþágur frá hverfisverndinni á málefnalegum grunni með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar. Hverfisverndin er því ekki mjög íþyngjandi enda slíkar framkvæmdir almennt leyfisskyldar fyrir. Engar sérstakar takmarkanir eru settar á svæðið umfram það sem skipulagið gerir almennt ráð fyrir á óbyggðum svæðum í sveitarfélaginu nema vegna vatnsverndar. Með vísan til athugasemdar

landeiganda er lagt til að Höskuldarvöllum verði breytt í landbúnaðarsvæði. Ekki er þó gert ráð fyrir byggingu mannvirkja á svæðinu.

Bréfitari gerir grein fyrir því að í landinu séu efnisnámur sem hann verði að geta nýtt í framtíðinni og vonast til að sveitarfélagið setji ekki hömlur þar á. Í tillögunni sé sagt að ekki sé heimilt að taka efni nema þar sem áður hefur verið tekið.

Umsögn um athugasemd

Í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda og lög um náttúruvernd er ekki gert ráð fyrir að nýjum svæðum verði raskað til efnistöku. Í umhverfismatsskýrslu skipulagsins er fjallað um þrjú helstu efnistökusvæðin í sveitarfélaginu þ.e. Afstapahraun, Oddafell og svæðið við Eldborg. eru þau borin saman m.t.t. að gera ráð fyrir efnistöku úr einu þeirra á skipulagstímabilinu.

Niðurstaða þess samburðar er sú að áhrif á jarðmyndanir eru veruleg í öllum tilfellum og þá sér í lagi við Eldborg þar sem um merkar jarðmyndanir er þar að ræða, þó svo að þeim hafi að nokkru leyti verið spilt vegna efnistöku í gegnum tíðina. Svæðin við Oddafell og Eldborg séu á svæði á náttúruminjasrá og auk þess á svæði sem gert er ráð fyrir að hverfisvernda. Samkvæmd náttúruminjasrá ber að fara varlega í allar framkvæmdir á svæðinu. Í ljósi þess er talið að umhverfisáhrif efnistöku á þessum svæðum séu veruleg. Áhrif efnistöku á Afstapa eru hins vegar talin óveruleg.

Sjónræn áhrif allra þriggja valkosta efnistöku eru talin vera veruleg. Svæðið við Afstapahraun er í nánd við Reykjanesbraut en núverandi efnistaka þar er fremur áberandi og sýnileg frá brautinni. Oddafell og Eldborg eru fjarri samgöngumannvirkjum en eru á og við áhugaverð útivistarsvæði. Ljóst er að efnistaka þar getur því haft veruleg sjónræn áhrif.

Áhrif á náttúrulegt landslag eru veruleg við Oddafell og Eldborg, en þó hefur landslagi þegar verið raskað við Eldborg vegna efnistöku í gegnum tíðina. Áhrif á náttúrulegt landslag eru óveruleg við Afstapahraun þar sem skilgreint efnistökusvæði fer ekki út fyrir það námusvæði sem þegar hefur verið raskað.

Niðurstaða umhverfismatsins er því sú að ákjósanlegast sé að efnistaka fari fram á svæðinu í Afstapahrauni. Skipulagið gerir því ekki ráð fyrir öðrum efnistökusvæðum en núverandi efnistökusvæði í Afstapahrauni.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um náttúruvernd eru allar námur skipulagsskyldar og leyfisskyldar. Þá þarf að ráðast í umhverfismat vegna stærri efnistökusvæða. Þrátt fyrir framangreint er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimilt án leyfis, skv. 3. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd, minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. sömu laga. Samkvæmt þeirri grein njóta m.a. eldvörp, gervigígar og eldhraun slíkrar verndar. Með vísan til framangreinds takmarkar aðalskipulagið ekki notkun landeiganda þó tryggara verði að telja að landeigandi sækji um allar slíkar framkvæmdir með hliðsjón af 37. gr. náttúruverndarlaga.

Bréfritari kveðst aldrei muni samþykkja háspennulínur. Skýrt hafi komið fram hjá forsvarsmönnum (Landsnets) að þeir héldu sínu striki og greiddu engar bætur fyrir. Ólafur Björnsson, lögmaður, muni gera athugasemdir við þann þátt tillögunnar fyrir hans hönd.

Umsögn um athugasemd:

Vísað er til umsagnar um sama atriði vegna athugasemdar Lögmannna á Suðurlandi sem m.a. eru sendar f.h. Sæmundar.

Bréfritari segir að í skipulaginu sé gert ráð fyrir 25 ha. iðnaðarlóð norðan mislægra gatnamóta. Allar fyrirspurnir um lóðir séu hins vegar sunnan Reykjanesbrautar. Óskar eftir að lóðin verði færð sunnan við brautina og höfð stærri, ein fyrirspurn hafi verið um 400 ha. lóð.

Umsögn um athugasemd:

Ekki er talið æskilegt að færa iðnaðarsvæðið suður fyrir Reykjanesbraut eða stækka það. Skipulagið gerir almennt ekki ráð fyrir að svæðið sunnan brautarinnar byggist upp á skipulagstímabilinu enda ekkert sem bendir til þess að eftirspurn verði eftir svo mörgum lóðum af þeim toga á svæðinu. Heppilegra verður að telja að byggja upp svæðið í nálægð við iðnanðarsvæðið í Flekkuvík og byggðina sunnan Reykjanesbrautar.

Bréfritari minnst á svínabúið á Minni-Vatnsleysu en ekki sé tekið á mengunarvanda sem af því er. Öll íbúðarhús á Stóru-Vatnsleysu séu innan svæðis sem svínabúinu sé ætlað vegna starfsemi sinnar. Lyktin af búinu sé óþolandi í NV- og NA-átt.

Umsögn um athugasemd:

Skipulagstillagan gerir í raun bara ráð fyrir þeirri starfsemi sem er á búinu í dag. Hvað varðar óþægindi frá svínabúinu m.a. vegna lyktar er athugasemdaaðila vísað á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem annast eftirlit með búinu og gefur út starfsleyfi fyrir það en ekki er hægt að taka á málum sem þessum í aðalskipulagi.

Sigurður tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla.

### **36. Vegagerðin**

Ábendingar varðandi fjarlægðir við vegamót við Vogabraut.

Með fylgir umsögn um suðvesturlínur.

Nefndin leggur til að gatnamót A-5 verði færð norðar.

### **37. Bréf Lögmannna Borgartúni 33, f.h. Tryggva R. Guðmundssonar og Hjördísar Hilmarsdóttur**

Athugasemdaaðili mótmælir tillögunni að því er varðar reit F-1. Tillagan geri ráð fyrir sumarhúsabyggð án þess að taka fram að þar sé íbúðarhús umbjóðenda hans, Hvassahraun 22. Gera verði ráð fyrir tilvist þess. Bendir á að umrætt hús sé býli í skilningi vegalaga og beri að reikna með vegi að íbúðarhúsinu í samræmi við það en það sé ekki gert í skipulagstillögunni.



- Umsögn um athugasemd:  
Hvað varðar sumarhúsasvæðið í Hvassahrauni þá gerir tillagan ekki ráð fyrir neinum breytingum. Svæðið er skilgreint sem sumarhúsasvæði skv. gildandi skipulagi skv. breytingu sem staðfest var af ráðherra þann 19. mars 2003. Eins og athugasemdaaðila er ljóst, þar sem hann hefur stefnt sveitarfélaginu vegna lögheimilisskráningar í húsið, er afstaða sveitarfélagsins sú að umrætt hús sé sumarhús en ekki íbúðarhús. Ekki er því tilefni til að breyta tillögunni vegna athugasemdarinnar. Ekki er gerð grein fyrir aðkomum að einstökum húsum eða lóðum í aðalskipulagi enda eingöngu sýndar helstu samgönguæðar s.s. stofn- og tengivegir.

### **38. Jakob Árnason vegna Auðna**

Nefndin telur að athugasemdir bréfitara eigi ekki við aðalskipulagstillöguna.

### **39. Hafnarfjarðarbær**

Ábendingar, engar athugasemdir.

### **40. Sandgerðisbær**

Engar athugasemdir.

### **41. Margrét Jónsdóttir**

Athugasemdir við hljóðvist í tengslum við rekstur að Iðndal 2.  
Athugasemdir við að Iðndalur tengist Vogabraut.

Nefndin telur að athugasemdir bréfitara eigi ekki við aðalskipulagstillöguna.

### **42. Sigurður Antonsson f.h. Nýborgar ehf eiganda svæðis frá Fögruvík að Kúagerði**

Gerir athugasemd við að skilgreiningu svæðis úr iðnaðarsvæði í óbyggt svæði sé breytt.  
Óskar eftir því að landið verði skipulagt sem athafna- og frístundasvæði.

Nefndin hafnar beiðninni.

Gerir athugasemd við að raskað svæði sé sett undir hverfisvernd.

Umrætt svæði er ekki hverfisverndað eins og bréfitari heldur fram.

#### 44. Kemís ehf. ósk um breytingu á skipulagi

Sams konar beiðni um skilgreiningu á landbúnaðarlandi og sama svar og í 33. máli. Bréfitari lýsir sig samþykkan hverfisvernd á sínu landi ef hún miðast við stórstraumsfjörumörk.

Sú strandlína sem sýnd er á uppdráttum miðast við stórstraumsfjöru. Hverfisverndar línan sem sýnd er í skipulagsuppdrættinum miðast við strönd og eða búsetulandslag en nákvæm mörk hverfisverndar verða sett út við gerð deiliskipulags.

#### 45. Reykjanesbær

Reykjanesbær leggur áherslu á samvinnu við útfærslu á stígum.

Tekið hefur verið tillit til athugasemdarinnar á uppdráttum.

#### 46. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

Athugasemd vegna radarspegils og er farið fram á að hann verði settur inn á skipulag.

Nefndin fellst á beiðnina.

#### 47. Athugasemdir frá Umhverfisstofnun

Skipulagstillaga nýrra Íbúðarsvæða um friðun klappa og hólans Skyggnis.

Í gildandi deiliskipulagi miðsvæðis og Grænuborgarsvæðis er gert ráð fyrir að klappir og hóllinn Skyggfir haldi sér.

Athugasemdir við umhverfisskýrslu vegna Iðnaðar- og hafnarsvæðis í Flekkuvík. Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif þar vanmetin.

Nefndin tekur undir athugasemdirnar og hefur umhverfisskýrsla greinagerðarinnar verið lagfærð til samræmis við athugasemdirnar.

Rannsóknarborholur á Trölladyngjusvæðinu og frekari orkuvinnsla.

Afstaða verður tekin til vinnsluhola ef niðurstöður rannsókna kalla á frekari framkvæmdir. Samkvæmt aðalskipulagstillögunni eru einungis heimilaðar tilraunaboranir á stöðum þar sem áður hefur verið borað.

Háspennulínur.

Umhverfisstofnun hefur gefið umsögn dagsett 25. júní sl. um frummatskýrslu yfir heildarframkvæmd Suðvesturlína.

Málið er í eðlilegum farvegi, sbr. umsögn um mál nr.2.

#### 48. Grindavíkurbær

Grindavíkurbær mótmælir harðlega sveitarfélagsmörkunum sem eru í ósamræmi við aðalskipulag Grindavíkur.

Nefndin ítrekar að sveitarfélagsmörkin eru skilgreind óviss í aðalskipulagstillögu Sveitarfélagsins Voga og er farið eftir máldögum Vogajarða.